



FERÐAMÁLASETUR ÍSLANDS

Fréttatilkynning

Verðlaun fyrir lokaverkefni í ferðamálafræðum

Ferðamálastetur Íslands veitir nú í fyrsta sinn 100.000 króna verðlaun fyrir framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál sem unnið er af nemanda við háskóla hér á landi.

Dómnefnd sem skipuð er stjórn FMSÍ hefur metið fimm verkefni skólaársins 2004-2005 sem góð og mjög athyglisverð en það eru:

Comparing Environmental Performance, Environmental benchmarking for SMEs in the Nordic tourism industry. MS-ritgerð Anne Mariu Sparf frá Jarð- og landfræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands

Fjölmennningarleg hæfni sem lykill árangursríkra samskipta. Athugun á stöðu fjölmennningarlegra mála á Íslandi. BS-ritgerð Gerðar Sveinsdóttur frá Jarð- og landfræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands

Markaðssetning Íslands á Bretlandi. Samanburður á framkvæmd markaðssetningarinnar og ferlum fræðimanna. BS-ritgerð Hjördísar Maríu Ólafsdóttur frá Jarð- og landfræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands

Hestatengd ferðapjónusta á Íslandi. BS-ritgerð Ingibjargar Sigurðardóttur frá Ferðamálabraut viðskiptadeildar Háskólans á Akureyri

Ímyndir og ímyndarsköpun. Fósturlandsins Freyja í markaðssetningu landsins. BS-ritgerð Sunnu Þórðardóttur frá Jarð- og landfræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands

Niðurstaða dómnefndar er að verðlaunin í ár hljóti Anne Maria Sparf fyrir MS-ritgerð sína *Comparing Environmental Performance, Environmental benchmarking for SMEs in the Nordic tourism industry*

Í umsögn dómnefndar segir:

Í verkefni sínu fjallaði Anne Maria Sparf um möguleika lítilla og meðalstórra ferðapjónustufyrirtækja til að bæta frammistöðu sína í umhverfismálum með hjálp umhverfisviðmiðunar.

Hún kannaði þarfir fyrirtækja á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum fyrir umhverfisstjórnun og viðhorf þeirra til umhverfismála. Niðurstöður könnunarinnar notaði hún til að móta einfalda og skýra aðferð til að finna út hversu vel hin ýmsu umhverfisstjórnntæki hentuðu smærri ferðapjónustufyrirtækjum.

Greiningin leggur kerfisbundið mat á hversu skilvirk stjórnntækin eru í umhverfismálum, en einnig hversu auðvelt er fyrir fyrirtæki að innleiða þau og hversu mikilla áhrifa má vænta á samkeppnisstöðu.

Að því loknu bar Anne Maria saman 10 slík stjórnntæki með aðferð sinni, bæði heildstæð umhverfisstjórnunarkerfi og sértækari umhverfismerki eða hrein umhverfisviðmiðunarkerfi ætluð tilteknum tegundum fyrirtækja, til dæmis gistihúsum og hótélum.

Niðurstöðurnar geta nýst einstökum ferðaþjónustufyrirtækjum og samtökum ferðaþjónustunnar, jafnt hér á landi og í nágrannalöndum, við að byggja upp ferðamennsku á forsendum sjálfbærrar þróunar.

Verkefni Anne Mariu er unnið af metnaði, fagmennsku og næmni og er hún verðugur handhafi verðlauna Ferðamálaseturs Íslands árið 2005.

Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri starfrækja sameiginlega Ferðamálasetur Íslands, sem er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum.